

Svar

menntamálaráðherra við fyrirspurn Einars K. Guðfinnssonar framhaldsskóla- og háskólanám með fjarkennslusniði.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. Hversu margir stunda nú nám með fjarkennslusniði, annars vegar á háskólastigi og hins vegar á framhaldsskólastigi? Svar óskast sundurliðað eftir kjördæmum.
2. Hversu margir stunduðu slíkt nám á síðasta skólaári?
3. Hvaða skólar á framhaldsskólastigi og háskólastigi bjóða upp á slíkt nám?
4. Hversu margir stunda slíkt fjarnám við einstaka skóla?

Alls er skráður 1.051 nemandi til náms með fjarkennslusniði í framhaldsskólum og 1.101 í háskólum á haustönn 2001. Á eftirfarandi töflu má sjá hve margir eru skráðir í fjarnám í einstökum skólum. Þá má einnig sjá hvernig nemendur sem stunda háskólanám og visst nám í framhaldsskólum með fjarkennslusniði skipast eftir kjördæmum á haustönn 2001. Nemendur framhaldsskóla sem kenna einkum staka áfanga eru ekki flokkaðir eftir kjördæmum.

Skipting nemenda eftir kjördæmum:

Framhaldsskólar	Alls	RK	VL	VF	NV	NE	AL	SL	RN	ERL
Fjölbrautaskólinn við Ármúla	59	28	4	1	0	2	2	0	20	2
Framhaldssk. í Austur-Skaftafellssýslu	99									
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	31	0	0	0	31	0	0	0	0	0
Fjölbrautaskóli Suðurlands	25									
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	20	11	2	1	0	1	0	2	3	0
Menntaskólinn á Egilsstöðum*	76									
Menntaskólinn í Kópavogi	45	18	1	2	1	3	1	1	16	2
Stýrimannaskólinn í Reykjavík	12	2	3	2	0	1	1	0	3	0
Verkmenntaskóli Austurlands	26									
Verkmenntaskólinn á Akureyri	658	102	60	59	27	217	31	68	63	31
Vélskóli Íslands (12 skráðir með VMA)										
Alls í framhaldsskólum	1051	161	70	65	59	224	35	71	105	35
Háskólar	Alls	RK	VL	VF	NV	NE	AL	SL	RN	ERL
Háskólinn á Akureyri	258	0	0	65	3	0	54	58	78	0
Háskóli Íslands	150	65	8	13	6	31	13	12	2	0
Háskólinn í Reykjavík	108	67	1	0	4	7	9	11	5	4
Kennaraháskóli Íslands	508	119	53	39	42	33	45	75	91	11
Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri	26	2	7	6	4	2	0	3	2	0
Viðskiptaháskólinn á Bifröst	51	22	4	0	1	3	1	3	15	2
Alls í háskólum	1101	275	73	123	60	76	122	162	193	17
Alls í fjarnámi á haustönn 2001	2152	436	143	188	119	300	157	233	298	52

*37 af nemendum ME eru í heildstæðu námi á skrifstofubraut og búa allir á Austurlandi.

514 nemendur voru skráðir til náms með fjarkennslusniði á framhaldsskólastigi á haustönn 2000 og 944 á háskólastigi, eða alls 1.458. Nemendum í fjarnámi hefur því fjölgað um 694 á milli áranna, eða um rúmlega 47%.

Framhaldsskólar sem kenna með fjarkennslusniði á haustönn 2001 eru Fjölbrautaskólinn við Ármúla (m.a. áfangar á heilbrigðisviði), Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu (valdir áfangar kenndir í samstarfi við framhaldsskóla á Austurlandi), Framhaldsskóli Norðurlands vestra (sjúkraliðanám), Fjölbrautaskóli Suðurlands (valdir áfangar í samstarfi við tvo aðra skóla), Fjölbrautaskóli Suðurnesja (netagerð), Menntaskólinn á Egilsstöðum (valdir áfangar í samstarfi við aðra skóla á Austurlandi og nám á skrifstofubraut), Menntaskólinn í Kópavogi (ferðamálanám), Stýrimannaskólinn í Reykjavík (skipstjórnarnám), Verkmenntaskóli Austurlands (valdir áfangar í samstarfi við aðra skóla á Austurlandi), Verkmenntaskólinn á Akureyri (m.a. nám til stúdentsprófs) og Vélskóli Íslands (sérgreinar vélstjórnar kenndar í samstarfi við Verkmenntaskólann á Akureyri).

Háskólar þar sem kennt er með fjarkennslusniði á haustönn 2001 eru Háskólinn á Akureyri, Háskóli Íslands, Háskólinn í Reykjavík, Kennaraháskóli Íslands, Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri (búfræðslunám) og Viðskiptaháskólinn á Bifröst.

Taflan hér að framan sýnir fjölda nemenda sem eru í fjarnámi í einstökum skólum á haustönn 2001. Vakin skal athygli á að þar eru nemendur taldir óháð kennslumagni. Mjög mismunandi er hve mikinn hluta náms síns nemendurnir stunda í fjarnámi, eða allt frá einum áfanga í framhaldsskóla til fulls náms á háskólastigi.